

Hvolsvöllur 27.02.2017

**Efni:** Ungmennaráð Suðurlands – Ósk um umsögn við erindisbréfi og tilnefning á ungmennum í Ungmennaráð Suðurlands

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hafa samþykkt að stofna Ungmennaráð Suðurlands. Vinnuhópur á vegum SASS hefur gert drög að erindisbréfi fyrir fyrirhugað Ungmennaráð Suðurlands og óskar vinnuhópurinn eftir því að ungmennaráð allra sveitarfélaga á Suðurlandi taki erindisbréfið til umsagnar og skili þeim til vinnhópsins eigi síðar en 30. mars 2017.

Einnig er óskað eftir tilnefningu á ungmennum í Ungmennaráð Suðurlands, einn aðalman og einn til vara. Æskilegt er að ungmennin tilnefni sjálf ungmenni úr ungmennaráðum sveitarfélaganna.

Fyrirhugað er að Ungmennaráð Suðurlands komi saman í fyrsta skipti vor 2017.

Sveitarfélög á Suðurlandi sem ekki hafa starfandi ungmennaráð geta falið ungmennum í sveitarfélaginu til að taka erindisbréfið til umsagnar. Sveitarfélög eru hvött til að kynna sér vel æskulýðslögin nr. 70/2007.

Stjórn SASS mun einnig taka erindisbréfið til umsagnar.

Í vinnuhópnum fyrir stofnun Ungmennaráðs Suðurlands eru eftirfarandi aðilar:

Sæmundur Helgason Höfn  
Ragnar Óskarsson Ungmenni  
Sigdís Erla Ragnarsdóttir Ungmenni  
Gunnar E. Sigurbjörnsson Tórstunda- og forvarnarfulltrúi Árborgar  
Hildur Sólveig Sigurðardóttir Vestmannaeyjum  
Guðlaug Ósk Svansdóttir Hfsu

Umsögnum skal skilað á netfangið [gudlaug@hfsu.is](mailto:gudlaug@hfsu.is) eigi síðar en 30. mars 2017.

Ef einhverjar spurningar vakna eða ef eitthvað er óljóst þá er öllum velkomið að hafa samband við verkefnastjóra verkefnisins og starfsmann hópsins, Guðlaugu Ósk Svansdóttur í síma 6645091 eða á netfangið [gudlaug@hfsu.is](mailto:gudlaug@hfsu.is)

Með fyrirfram þökk

Guðlaug Ósk Svansdóttir  
[gudlaug@hfsu.is](mailto:gudlaug@hfsu.is)  
S. 6645091/4828016